

195. fundur stjórnar LSS haldinn fimmtudaginn 14.01 2010 kl.  
18:00 á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, FH, IGG, BV, BI, SvB, BkrÞ, VLF.

Boðuð forföll: SB.

### **1. Fundargerð síðasta fundar.**

Sþ

### **2. Inntaka nýrra félaga**

Guðmundur Vignir Steinsson kt. 020879-5139. Slökkviliðsstjóri –  
sjúkraflutningamaður á Kirkjubæjarklaustri. sþ

### **3. Dagsetning stjórnarfundum fram til sumars**

Ákveðið að næstu stjórnarfundir verði 11. febrúar, 8. mars, 16. apríl og 6. maí.

### **4. Þing LSS**

Þingið verður haldið í Reykjavík 16. og 17. apríl.

Sömu menn verða áfram í Uppstillinganefnd. Einn þeirra er hættur störfum en nefndin  
var í raun ofmönnuð. Farið yfir hennar hlutverk Uppstillinganefndar.

Ákveðið að leggja fram lagabreytingar m.a. vegna stofnunar fagdeildar  
slökkviliðsmanna og vegna fagdeildar sjúkraflutningamanna þar sem fjölgað verður í  
stjórn upp í 8. Óska þarf eftir að undirbúningsnefnd vegna stofnunar fagdeildar  
slökkviliðsmanna skili af sér á þinginu.

### **5. Námstefna**

Formaðurinn lagði til að haldin yrði ráðstefna / námsstefna á árinu. Ákveðið að  
fagdeildirnar sjái um sameiginlega ráðstefnu í haust.

### **6. Flugvallamál**

Málin hafa verið að skýrast varðandi lög og reglur sem taka skal mið af varðandi  
öryggisviðbúnað á Reykjavíkurflogvelli. Á morgun verður fundur hjá stjórn SHS.  
Ákveðið að bíða með frekari viðbrögð þar til niðurstaða af þeim fundi liggur fyrir.

### **7. Samstarfsnefnd LN og LSS**

Nefndin hefur átt nokkra fundi síðustu mánuði. Enn gengur hægt að leysa mál vegna  
uppsagna yfirmanna á Akureyrarbæ og þá helst þar sem illa gengur fyrir LN að fá  
gögn frá starfsmannastjóra Akureyrarbæjar. Fundað verður áfram um gömul mál og  
síðan farið í endurskoðun á texta kjarasamningsins.

### **8. 112 Dagurinn**

Dagurinn verður með hefðbundnu sniði og mun LSS afhenda verðlaun og  
viðurkenningar fyrir eldvarnagetraunina.

### **9. Sjúkraflutningar**

- a. Breytingar á kröfulýsingu
- b. Breytingar á sjúkraflutningum Grindavík

Heilbrigðisráðuneytið hefur sent kröfulýsingu vegna sjúkraflutninga sem verður þeirra  
samningsplagg við samstarfsaðila. Þar er komið inn á mönnun, rekstur, hlutverk  
ábyrgð og fl. Formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna SvB hefur sent inn nokkrar  
athugasemdir.

M.a. við heimild um að ráða ófaglærðan og að ekki sé nógu skýrt ut anumhald um verkefnið. Auk þess hefur SvB bent á að sjúkraflutningarmaður væri lögverndað starfsheiti. Vísað er til landlæknis sem er í raun eftirlitsaðili. Þá vantar formlega tilkynningu um hlutverk/afskipti yfirmanns með flutningunum.

Rætt um sjúkraflutninga í Grindavík og mögulegar þær breytingar að BS taki þá yfir. Rætt almennt um samninga um sjúkraflutninga og þann þrýsting sem er vegna niðurskurðarhugmynda.

#### **10. Eldvarnaátak**

Átakið var með hefðbundnu sniði og gekk vel. Tekjur og útgjöld héldust í hendur. Verkefninu líkur formlega með verðlaunaafhendingu fyrir eldvarnagetraunina á 1-1-2 deginum 11. febrúar.

#### **11. Rauði Haninn**

Rauði haninn verður 7. – 11. júní í Þýskalandi. Rætt um mögulega styrki frá Starfsmenntunarsjóði. Sjóðurinn greiddi síðast 70.000 fyrir alla félagsmenn en LSS greiddi mismuninn fyrir stjórn LSS. LSS mun sækja um styrk í sjóðinn eins og gert var síðast.

Komið er tilboð frá ferðaskrifstofu upp á 105.000 kr. Inn í því er flug, gisting og rútur. Búið er að taka frá fyrir 45 manns.

#### **12. Önnur mál:**

##### **a. Réttar staða slökkviliðsmanna á Keflavíkur flugvelli**

Vegna uppsagnar slökkviliðsmanns hjá Kef ohf er verið að leita réttar hans þar sem honum var sagt upp án áminningar og andmælaréttar. Ágreiningur er um hvort lög um opinbera starfsmenn nái ennþá yfir slökkviliðsmenn hjá Kef ohf.

##### **b. Ráðning Slökkviliðsstjóra**

Brunavarnir A-Húnavatnssýslu réð umsækjanda sem ekki uppfyllti skilyrði til að vera slökkviliðsstjóri þrátt fyrir að annar sem uppfyllti skilyrði hefði sótt um. Málið er í ferli hjá lögfræðingi LSS.

Fundi slitið kl. 20:00